

FUNDARGERÐ

608. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, fimmtudaginn 15. október, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í gegnum fjarfundarbúnað

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Páll Tómasson og Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sat fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerðina í tölvu og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn að hluta.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

I – 3 Fundargerð 254. fundar fræðslunefndar frá 13. október 2020.

III – 5 Gjaldskrá Víkurskóla 2021.

Afbrigðin samþykkt.

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerð skipulagsnefndar.

Lögð fram 285. fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps frá 12. október 2020.

Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.1. Austurhluti Víkur – Breyting á aðalskipulagi.

Tillagan felst í eftirfarandi: stækkun íbúðarhúsnæðis ÍS7 til austurs, legu afleggjara af Austurvegi, breyttri notkun á athafnasvæði A1, breyttri notkun á hluta lóðar iðnaðarsvæðis I1 og stækkun I2, breyttri notkun hluta verslunar- og þjónustusvæðis V36 í nýtt íbúðarsvæði ÍS8 og breyttum skilmálum fyrir V35. Nefndin samþykkti tillöguna og fól skipulagsfulltrúa að auglýsa hana.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.2. Austurhluti Víkur – Deiliskipulagstillaga.

Nefndin lagði til að nýrri lóð norðan við Smiðjuveg 12 yrði skipt upp í tvær lóðir og fól skipulagsfulltrúa að ljúka breytingunni. Að öðru leyti samþykkti nefndin tillöguna og fól skipulagsfulltrúa að auglýsa hana.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.3. Deiliskipulag vesturhluta Víkurþorps – Lýsing.

Nefndin tók til skoðunar umsagnir sem bárust vegna lýsingar á deiliskipulagi fyrir vesturhluta Víkurþorps. Nefndin taldi ekki ástæðu til þess að breytingar yrðu gerðar

á lýsingunni en lagði áherslu á að tekið yrði tillit til nýrrar veglínu sbr. umsögn Vegagerðarinnar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.4. Austurvegur 16 – Erindi vegna umferðareyju.

Lagt var fram erindi frá Jóni Árna Ólafssyni f.h. Olíuverzlunar Íslands ehf. vegna umferðareyjar á Austurvegi gegnt innkeyrslu að Austurvegi 16. Nefndin lagði til að hluti umferðareyjunnar yrði fjarlægður en kæmi í ljós að það fæli í sér aukna slyshættu eða hefti umferð þá verði fyrirkomulagið endurskoðað.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.5. Deiliskipulag Ás og Hótel Dyrhólaey.

Lagt var fram til kynningar erindi frá Skipulagsstofnun þar sem athugasemdir voru gerðar vegna leyfisveitinga fyrir byggingu og stækkun hótelsins í áföngum án þess að þær framkvæmdir hafi átt sér stoð í deiliskipulagi.

Sveitarstjórn mælist til þess að tekið verði tillit til athugasemda stofnunarinnar og verklag skýrt þegar kemur að leyfisveitingum.

3. Fundargerð ungmennaráðs.

Lögð fram til kynningar 4. fundargerð ungmennaráðs Mýrdalshrepps frá fundi 2. október 2020.

Sveitarstjórn mælist til þess að athugasemdir ungmennaráðs verði kynntar stjórnendum í grunnskóla og íþróttamiðstöð.

4. Fundargerð fræðslunefndar.

Lögð fram fundargerðar 254. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps frá 13. október 2020. Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

4.1. Skólanámsskrá og starfsáætlun Víkurskóla 2020-2021.

Nefndin samþykkti námsskrána og áætlunina.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. Bréf frá Guðbirni Óla Eyjólfssyni.

Lagt fram bréf frá Guðbirni Óla Eyjólfssyni þar sem skorað er á sveitarstjóra, skólastjóra og fræðslunefnd að tryggja að boðið verði upp á smíðakennslu við Víkurskóla.

Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og felur sveitarstjóra að svara bréfinu. Jafnframt mælist sveitarstjórn til þess að sveitarstjóri og varaoddviti í samráði við stjórnendur Víkurskóla leyti allra leiða til þess að hægt verði að bjóða upp á smíðakennslu við skólann.

6. Niðurfelling vegar af vegaskrá.

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni um fyrirhugaða niðurfellingu Skeiðflatarvegar (2262-01) af vegaskrá.

Í ljósi þess að ekki er föst búseta fyrir hendi og enginn skráður með lögheimili á Skeiðflöt gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við að vegurinn verði felldur af vegaskrá.

7. Styrkbeiðnir.

Lagðar fram eftirfarandi styrkbeiðnir:

7.1. Frá hestamannafélaginu Sindra.

Sótt var um styrk að upphæð 900.000 kr. vegna starfsemi félagsins árið 2020.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja félagið um 450.000 kr. fyrir árið 2020.

7.2. Frá Soroptímistaklúbb Suðurlands.

Lögð fram styrkbeiðni vegna verkefnisins Sigurhæðir.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir fyrir sitt leyti styrkbeiðnina en bendir á að starfssvæði félagsþjónustunnar nær yfir Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu en ekki bara Rangárþing eins og kemur fram í erindinu.

8. Ársreikningur Hjallatúns.

Lagður fram ársreikningur Hjallatúns fyrir árið 2019.

Á árinu var rekstrarniðurstaða heimilisins neikvæð um 27,7 millj. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok var neikvætt um 120,5 millj. samkvæmt efnahagsreikningi. Vegna rekstrarhalla Hjallatúns undanfarin ár hafa stjórnendur lagt til að ríkið endurskoði smæðarálag vegna reksturs smærri hjúkrunarheimila til að rétta af rekstur heimilisins. Fulltrúar sveitarfélagsins hafa nýverið átt fund með aðilum ríkisins þar sem þessi krafa var ítrekuð til að tryggð verði að rekstur smærri hjúkrunarheimila sé raunhæfur til að tryggja búsetuúrræði og atvinnu í sveitarfélaginu.

Til að mæta rekstrarhalla hefur Hjallatún fengið aðgang að yfirdrætti hjá banka og viðbótarlán frá Mýrdalshreppi.

Sveitarstjórn staðfestir með áritun sinni ársreikninginn.

9. Fasteignamat 2021.

Lagt fram til kynningar erindi frá Þjóðskrá Íslands vegna endurmats fasteigna. Samkvæmt matinu hækkar heildarmat fasteigna á Íslandi um 2,1% frá yfirstandandi ári en í Mýrdalshreppi um 5,3%.

10. Álagningarforsendur 2021.

Lögð fram tillaga að álagningu gjalda fyrir árið 2021.

Útvarshlutfall: Útvarshlutfall verður óbreytt á árinu 2021, 14.52%

Fasteignaskattur: Er álagður samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum.

a) Allt að 0,5% af fasteignamati: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b) 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

c) Allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu..

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu í a) og c) lið um allt að 25%.

Sveitarstjórn samþykkir að álögð fasteignagjöld í Mýrdalshreppi 2021 verði með eftirfarandi hætti.

Fasteignaskattur:	A-flokkur	0,39 % af fasteignamati húss og lóðar
	B-flokkur	1,32 % af fasteignamati húss og lóðar
	C-flokkur	1,65 % af fasteignamati húss og lóðar

Sveitarstjórn samþykkir álagningu eftirfarandi gjalda sem innheimt verða með fasteignaskatti.

Holræsagjald:	0,20 % af fasteignamati húss og lóðar
Rotþróargjald:	kr. 11.293.-
Lóðarleiga:	1,5 % af lóðarmati lóðar
Vatnsgjald:	0,15 % af fasteignamati húss og lóðar

Í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar verður innheimtur fasteignaskattur skv. c lið af öllu húsnæði sem nýtt er í tengslum við ferðaþjónustu, en tekið tillit til laga um heimagistingu verði sýnt fram á að húsnæðið sé ekki leigt nema í 90 daga á ári eða tekjur af útleigu fari ekki yfir 2 milljónir.

Sorpgjöld	Sorphreinsun	Förgun og endurvinnsla	Samtals
Heimili			
Íbúðarhús	23.134	24.055	47.189
Sumarhús	11.562	12.028	23.590
Fyrirtæki			
Flokkur 0	Lögbyli	26.550	26.550
Flokkur 1		58.411	58.411
Flokkur 2		158.570	158.570
Flokkur 3		276.418	276.418
Flokkur 4		378.129	378.129
Flokkur 5		484.074	484.074

Afsláttur af fasteignaskatti

Elli- og örorkulífeyrisþegum, er búa í eigin húsnæði, er veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi samkvæmt sérstakri reglugerð sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Eigendur húsa þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttar-,

æskulýðs- og tómsundastarfsemi og/eða mannúðarstörf, geta sótt um styrki til sveitarstjórnar til greiðslu fasteignaskatts. Sveitarstjórn hefur sett reglur um veitingu slíkra styrkja.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Mýrdalshreppi. Niðurfellingin er tekjutengd og tekur einungis til fasteignaskatts.

2. gr.

Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir árið 2020

Einstaklingar			Hjón/Sambýlisfólk		
Tekjur		Afsláttur	Tekjur		Afsláttur
-	5.606.905	100%	-	7.850.716	100%
5.606.906	6.131.405	75%	7.850.717	8.375.216	75%
6.131.406	6.655.905	50%	8.375.217	8.899.716	50%

Þessar fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur) 2019, sbr. álagningu skattstjóra og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts 2021. Fjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

3. gr.

Við fráfall maka eða sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega á eftirlifandi maki rétt á afslætti samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Útreikningur á afslætti fer fram vélrænt í álagningarkerfi Þjóðskrár Íslands með tengingu við skrár Ríkisskattstjóra.

5. gr.

Aðilar sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr. fá rétt til lækkunar fasteignaskatts frá og með því ári sem þeir ná 67 ára aldri.

Örorkulífeyrisþegar yngri en 67 ára, sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr., skulu leggja fram gild örorkukort sem Tryggingarstofnun ríkisins gefur út sé þess óskað. Réttur til lækkunar fellur niður ef kortið rennur út.

6. gr.

Telji fasteignaeigendur sig eiga rétt á afslætti m.v. þessar reglur og hafi tekjur þeirra lækkað milli viðmiðunar árs og álagningarárs geta þeir óskað eftir endurreikningi miðað við tekjur ársins 2020 samkvæmt staðfestu skattframtali þegar það liggur fyrir.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Gjaldskrár 2021

Sundlaug- Óbreytt

Íþróttahús- Óbreytt

Leikskóli-Óbreytt

Tónskóli- Óbreytt

Dægradvöl í grunnskóla- Óbreytt

Mötuneyti leik- og grunnskóla- Óbreytt

Hunda- og kattahald- Óbreytt

Sorphirða- hækkun – 2,7%

Félagsheimilið Leikskálar- Óbreytt

Útleiga á borðbúnaði, háhöldum og húsgögnum félagsheimilisins Leikskála- Óbreytt.

Heimgreiðslur til foreldra barna á biðlista eftir leikskólaplássi - óbreytt.

ÞRÚ leggur til að heimgreiðslur til foreldra barna á biðlista eftir leikskólaplássi hækki um 2,7%. EFE, PT, DB, ÞRÚ samþykkja. IMB situr hjá.

Sveitarstjórn samþykkir að öðru leyti tillöguna. Til þess að koma til móts við hækkun fasteignamats í sveitarfélaginu hefur sveitarstjórn ákveðið að lækka álagningu fasteignaskatts í A-flokki (íbúðarhúsnæði) úr 0,48% í 0,39%. Jafnframt er ákveðið að allar þjónustugjaldskrár nema sorphirða haldist óbreyttar frá fyrra ári.

11. Gjaldskrá Víkurskóla árið 2021.

Lögð fram tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir Víkurskóla þar sem ákvæði um að gjaldskrá skuli tengd vísitölu er felld út.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

12. Skipan í faghóp.

Lögð fram beiðni frá SASS um að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í faghóp um stafræna framþróun.

Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna oddvita í faghópinn.

13. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

- 13.1. Fundargerð stjórnar Bergrisans, haldinn 14. september 2020.
- 13.2. Fundargerð stjórnar Hollvínasjóðs Hjallatúns, haldinn 1. október 2020.
- 13.3. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 25. september 2020.
- 13.4. Fundargerð Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 24. september 2020.
- 13.5. Fundargerð byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 15. september 2020.
- 13.6. Fundargerð verkefnishóps um sveitarfélagið Suðurland, haldinn 13. ágúst 2020.
- 13.7. Fundargerð verkefnishóps um sveitarfélagið Suðurland, haldinn 25. september 2020.

14. Kynningarefni.

Eftirfarandi lagt fram til kynningar:

- 14.1. Bréf frá eftirlitsnefnd sveitarfélaga.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:50

Einar Freyr Elínarson, oddviti

Ingi Már Björnsson

Drífa Bjarnadóttir

Páll Tómasson

Pórey Richardt Úlfarsdóttir